

REGLUGERÐ

um (4.) breytingu á reglugerð nr. 200/2020 um innflutning hunda og katta.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. reglugerðarinnar:

- Við titil ákvæðisins bætast orðin: og flutningsmáti.
- Á eftir 1. mgr. bætist við ný málsgrein svohljóðandi:
Óheimilt er að flytja hunda og ketti til landsins í farþegarými flugvéla. Bann við flutningi í farþegarými á ekki við um vottaða hjálparhunda né hunda eða ketti í millilendingum á Íslandi.

2. gr.

Við 10. gr. reglugerðarinnar bætist svohljóðandi málslíður: Matvælastofnun er þó heimilt að gefa kost á að slík dýr séu tafarlaust send úr landi sé smitvörnum ekki ógnað.

3. gr.

Viðauki I við reglugerðina verður svohljóðandi:

1) Lönd án hundaæðis:

Austurríki	Kýpur
Ástralía	Lettland
Belgía	Liechtenstein
Bretland	Litháen
Búlgaría	Lúxemborg
Danmörk	Malta
Eistland	Noregur (að Svalbarða frátöldum)
Finnland	Portúgal
Frakkland	Sameinuðu arabísku furstadæmin
Færeyjar	Singapore
Grikkland	Slóvenía
Holland	Spánn
Írland	Sviss
Ísland	Svíþjóð
Ítalía	Tékkland
Japan	Þýskaland
Krótía	

2) Lönd þar sem hundaæði er haldið vel í skefjum:

Bandaríkin	Rúmenía
Bosnía	Serbía
Grænland	Slóvakía
Hersegóvina	Taívan
Kanada	Tyrkland
Pólland	Ungverjaland

3) Áhættulönd m.t.t. hundainflúensu:

Bandaríkin
Kanada
Singapore

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, lögum nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr og lögum nr. 55/2013, um velferð dýra.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi en kemur til framkvæmda frá og með 11. apríl 2024.

Matvælaráðuneytinu, 11. mars 2024.

Katrín Jakobsdóttir.

Emilía Madeleine Heenen.

—————
B-deild – Útgáfudagur: 15. mars 2024